

Gammafundur 18. október 2006

Haldinn í vinnustofunni Ási Brautarholti 6 Reykjavík

Mættir voru: Árný, Björg, Bryndís, Guðný, Helga, Hertha, Hrefna, Ingibjörg Einars, Ingibjörg Jónasar, Jóhanna, Kristín Bjarnadóttir, Kristín Jónsdóttir, María, Pálína, Ragnhildur, Sigríður, Sigrún Aðalbjarnar eldri og Vilborg.

Valdís Erlendsdóttir tók á móti okkur á kaffistofu vinnustofunnar og bauð okkur velkomnar.

Ingibjörg setti fundinn og talaði um vorþingið sem verður í maí í Reykholti. Þar eiga allar deildir að segja frá sínu starfi. Frjálst er hvernig það er gert en okkur eru settar tímatakmarkanir. Örstutt var rætt hvað við ættum að gera t.d. hugmynd að fá félagskonur til að segja frá einu minnistæðu frá starfinu og láta svörin rúlla á powerpoint sýningu. Pálína, Herta og Ragnhildur voru beðnar að vera stjórninni til aðstoðar með tillögur

María Kjeld flutti orð til umhugsunar

Hún las úr bókinni Ljóð unga fólksins. Ljóðin eru eftir höfunda á aldrinum 9-16 ára.

Fyrsta ljóðið fjallaði um stress á jörðinni

Annað um Bónus og fólkið þar.

Það þriðja var um þvottavél og það fjórða fjallaði um græðgi

Þitt er mitt

Mitt er þitt

Þar til mitt er búið.

Allir hrifust að ljóðum unga fólksins.

Valdís Erlendsdóttir tók síðan til máls og sagði frá rannsóknarverkefni sem hún og Hrefna höfðu unnið síðast liðinn vetur. Viðfangsefnið var að skipuleggja og setja á laggirnar sjálfsákvörðunarhóp.

Í hópnum voru fjórir menn um tvítugt með Downsheilkenni valdir úr hópi ungs fólks sem hafði tekið þátt í verkefni á vegum Styrktarfélags vangefinna og ítölsku Down-syndrome samtakanna. Um var að ræða ungmennaskipti milli landanna og heitir verkefnið „Að verða fullorðinn í Evrópu.”

Þegar farið var að skipuleggja fundi kom í ljós að ungu mennirnir voru virkir í alls konar tómstundastarfi og því stundum erfitt að finna fundartíma. Piltarnir voru spenntir fyrir verkefninu og vildu vinna með Valdísi og Hrefnu. Á tímabilinu voru haldnir tíu fundir.

Valdefling er að:

-Að berjast fyrir réttindum sínum

- Að tala máli sínu sjálfur

- Að hafa val

- Að vera sjálfstæður

Valdefling snýst um að taka þátt í samfélaginu.

Vinna í sjálfákvörðunarhópum snýst um að þjálfa þátttakendur í að mynda sér skoðanir og nýta sjálfsákvörðunarrétt sinn.

Hefur einnig áhrif á sjálfsálit.

Upphaf sjálfsákvörðunarhópa var í Svíþjóð meðal líkamlega fatlaðra en hefur verið lengi við líði erlendis meðal þroskaheftra t.d. í Englandi.

Á Íslandi var Átak stofnað 1985 sem er sjálfsákvörðunarhópur.

Vinnan hjá hóp Valdísar og Hrefnu gekk vel.

- Piltarnir mættu vel og komu með þjónustubíl
- Piltarnir voru fundarstjórar.
- Þössuðu vel upp á að allir kæmst að í umræðum
- Fundirnir voru formlegir
- Það var skrifuð fundargerð
- Fundarstjóri las fundargerð síðasta fundar
- Tóku ákvörðun um fundarefni og voru undirbúnir fyrir fundinn.
- Valdís og Hrefna stjórnðu ekki.
- Fundarefni var mest tónlist, körfubolti og idolkveppnin
- Einu sinni talað um tilfinningar og dauðann
- Voru duglegir/flinkir að komast að samkomulagi um umræðu efni.
- Fundarmenn voru flóttir og tóku tillit til annarra
- Síðasti fundurinn var í Smáralind. Þá skoðuðu allir myndir frá Kúpu undir stífum aga eins úr hópnum sem var nýkominn þaðan.

- Ungu mennirnir vildu halda áfram þessari vinnu í hópnum.

Hrefna og Valdís telja að valdefling hafi átt sér stað í þessum hópi. Ungu mennirnir völdu sjálfir efnið og fjölluðu um það eins og þeir vildu og fengu að segja það sem þeim fannst.

Tilraunin tókst.

Valdís og Hrefna stóðu sig vel í hlutverkum sínum. Önnur átti þó til að detta í sitt gamla hlutverk sem og vera of hjálpsöm og ætla að bjarga, þegar henni sýndist þörf á því. Bæði Valdísi og Hrefnu fannst lærdómsríkt að reyna sig í þessu nýja hlutverki, það er stjórna ekki. Þær stöllur voru ánægðar með verkefnið og lærðu margt m.a. að notfæra sér fræðin í vinnunni. Að lokum kom fram að mikil breyting hefur orðið á hlutverki þroskaþjálfara eftir að stóru stofnanir voru lagðar niður og aðstæður breyst mikið.

Eftir veglegar kaffiveitingar í boði Herthu, Guðnýjar og Helgu og góðar umræður var formlegum fundi slitið.

Síðan var haldið í skoðunarferð með Valdísi um vinnustofuna Ás.

Vinnustofan Ás er 25 ára. Þar starfa 43 starfsmenn á aldrinum 20-62 ára og starfhlutfall þeirra er frá 20-90%. Meiningin er að starfsmennirnir fari af vinnustofunni út á vinnumarkaðinn ef hægt er.

Verkefni vinnustofunnar eru margs konar og koma frá fyrirtækjum úti í bæ.

Meðal verkefna er plöstun og þökkun af ýmsu tagi. Á saumastofunni eru framleiddir m.a.bleyjuklútar, bleyjur, bónklútar og handklæði af ýmsum stærðum og gerðum.

Félagskonur skoðuðu vinnustofuna og dáðust að framleiðslunni. Sérstaka athygli vöktu hárlæði sem sérstaklega eru hönnuð til að vefja um hárið.

Góð hugmynd að jólagjöf í ár er, hárlæði og handklæði frá vinnustofunni Ási.

Eftir fróðlegt og skemmtilegt kvöld héldu konur hver til síns heima.

Gert 17. nóvember Björg Eiríksdóttir